



Alþingi - Umhverfisnefnd Alþingis
Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2006
Tilvísun: 2006040032
Bréfalykill: 50.13
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál, heildarlög.

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis frá 12. apríl 2006, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um landmælingar og grunnkortagerð, 668. mál.

Orkustofnun telur að með frumvarpinu sé stigið skref í rétta átt, þar sem leitast er við að draga Landmælingar Íslands út úr samkeppnisrekstri á almennum markaði, jafnframt því sem mikilvægum grunnverkefnum sé sinnt, svo sem grunnstöðvaneti; grunnhnitakerfi; stöðlum á sviði landupplýsinga; stafrænum kortagrunni með grunnupplýsingum um vatnafar, hæð og eðli yfirborðs, örnefni, vegi og önnur mannvirki svo og um stjórnsýslumörk; auk lýsigagnagrunns. Stofnunin telur það sérstaklega mikilvægt fyrir eðlilega þróun upplýsingasamfélagsins, að m.a. framangreindum grunnverkefnum sé vel sinnt af hálfu ríkisins og að hindrunum í vegi miðlunar á gögnum í eigu þess til fjölþættra almannaþota sé rutt úr vegi eins og kostur er. Að öðru leyti vill Orkustofnun gera eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

4. gr.: Orkustofnun vill áréttta það álit sitt, sem fram kom í umsögn stofnunarinnar frá 17. desember 1997 um frumvarp að núgildandi lögum nr. 95/1997 um landmælingar og kortagerð, að mikilvægt er að haldið sé saman þeim fjarkönnunargögnum, sem til verða af landinu. Stofnunin telur rétt að tilgreina þetta hlutverk sérstaklega sem verkefni Landmælinga Íslands. Einnig telur Orkustofnun rétt að tilgreina sem verkefni Landmælinga Íslands sögulegt hlutverk þeirra, að því er varðar skrásetningu á heimildum um breytingar á landi og landnotkun, eins og þær koma fram í þekjum í mælikvarða allt að 1:50 000.

7. gr.: Orkustofnun lýsir ánægju með þá áherslubreytingu sem fram kemur í þessari grein frumvarpsins í átt til fjármögnunar Landmælinga Íslands úr ríkissjóði, og telur að þar með verði meiri líkur á að upplýsingar í eigu ríkisins séu nýttar í almannabágu öllum til hagsbóta. Fleiri skref í sömu átt eru þó æskileg í þágu upplýsingasamfélagsins, þannig að þessi opinberu gögn verði aðeins afhent gegn kostnaði við fjölföldun og afhendingu þeirra. Ákvarðanir um slíkt munu e.t.v. bíða almennrar lagasetningar um meðferð og afhendingu á gögnum í eigu ríkisins.

Virðingarfyllt

Þorkell Helgason
orkumálastjóri

